ENS 403 – VAL á náttúrufræðibraut
Undanfari: ENS303
Nemendur verða þjálfaðir í að tileinka sér grunnorðaforða vísinda og fræða.
Fjallað verður um breskt samfélag, venjur og siði. Í tengslum við það verður unnið með bresk bókmenntaverk, kvikmyndir, heimildamyndir o.fl. sem túlkað verður út frá menningarlegu samhengi.
Kennslugögn: *Essential Academic Vocabulary* eftir *Helen Huntley, Britain* - ljósritað hefti, *Angela's Ashes* eftir Frank McCourt. Kvikmyndir og heimildamyndir sem tengjast sögu Bretlands og Írlands. *Braveheart, Elizabeth I, Billy Eliot, Bend It Like Beckham, Angela's Ashes, Bloody Sunday, London* (a documentary) *o.fl.*
Námsmat: Ekkert lokapróf er í áfanganum. Lokaeinkunn í áfanganum samanstendur af mætingareinkunn og einkunnum í könnunum, hópverkefnum, kynningum o.þ.h.

ENS423 – Sögur, músík og myndir 1950-70 / Rokk-og hippakúltúrinn
Undanfari: ENS303
Kennslugögn: Breakfast at Tiffany's by Truman Capote (1958) (100 bls), The Bell Jar by Sylvia Plath (1963) (258 bls).
Námslýsing: Kvikmyndir: Intro to the 50s: *Grease* dir. Randal Kleiser (1978), Intro to the 60s: *Hair* dir. Milos Forman (1979), *Breakfast at Tiffany's* dir. Blake Edwards (1961), *The Graduate* dir. Mike Nichols (1967) *The Godfather* dir. Francis Ford Coppola (1972) ***Ljóð:*** Poems by Allen Ginsberg, Sylvia Plath, Ted Hughes and Frieda Hughes. ***Tónlist:*** From the 50s: Elvis Presley, Frank Sinatra, Jerry Lee Lewis and many others, From the 60s: The Beatles, The Rolling Stones, Bob Dylan, Janis Joplin, Joan Baez, Joni Mitchell, Jimi Hendrix and many others.
Heimildamyndir: *Woodstock Diaries* (on the Woodstock hippie festival), *The Last Waltz* (Martin Scorsese on rock music), *No More to Say & Nothing to Weep* for (on the beatnik Allen Ginsberg), *Berkeley in the Sixties* (on student riots/demonstrations in USA), *Factory Girl* (2006 film on Andy Warhol and his Factory commune, starring Guy Pierce and Sienna Miller) *Elvis – The Great Performances*, *The Beatles Story*, *No Direction Home* (Martin Scorsese on Bob Dylan), *Sylvia* (2003 film on poets Sylvia Plath and Ted Hughes, starring Gwyneth Paltrow and Daniel Craig).
Námsmat: Ekkert lokapróf er í þessum valáfanga. Lokaeinkunn í áfanganum samanstendur af mætingareinkunn og einkunnum í lestrarkönnunum, hópverkefnum, kynningum o.þ.h. Mæting og virkni yfir önnina er þannig lykillinn að þessum áfanga.

ENS573 – Kvikmyndir: Hlátur, hrollur, hryllingur *Kjörsvið á málabraut – kjörsvið utan brautar á öðrum brautum*
Undanfari: ENS403 eða ENS423
Námslýsing: Kynntar verðar helstu tegundir kvikmynda **„genre"** svo sem action, adventure, comedy, crime & gangster, documentary, drama, historical, horror, musical and dance, science fiction, thriller, suspense, war- anti-war films. Samhliða áhorfi á hluta úr kvikmyndum og/eða heilar kvikmyndir verður farið í helstu hugtök í kvikmyndafræði og þau skoðuð með mynddæmum. Hér er um að ræða; mis – en – scene (að setja á svið), narrative/story /adaptation (kvikmyndahandrit /kvikmyndaaðlögun), setting (sviðsmynd, menning), costume/make-up (búningar og förðun), lighting (lýsing), acting/expression (persónusköpun), shooting - framing (sjónarhorn), cutting (klipping), sound (hlóð), special effects (tæknibrellur), directing (leikstjórn). Nemendur velja sjálfir eina kvikmynd sem þeir greina og gagnrýna og fjalla síðan um í pörum eða hópum. ***Kvikmyndir:*** Eftirfarandi kvikmyndir voru rýndar vor 2010:

Casablanca, Apocalypse Now, Cape Fear, Star Wars, Goldmember, Goldfinger, Godfather I, Scarface, SinCity, The Good, The Bad and the Ugly, Gentlemen Prefer Blonds, Hairspray, Boys Don't Cry, The Blair Witch Project. (Þessi listi getur breyst). ***Leikstjórar:*** Hitchcock, Powers, Robinson, Boyle, Scorsese, Coppola, Moor, Curtiz, Forman, Python, Maguire, Kubrick, Darabont og Spielberg svo að eitthverjir séu nefndir.
Námsmat: Ekkert lokapróf er í þessum valáfanga. Lokaeinkunn í áfanganum samanstendur af mætingareinkunn og einkunnum í könnunum, hópverkefnum, kynningum o.þ.h.

ENS683 – Afrísk-amerísk menning og bókmenntir – *Kjörsvið á málabraut – kjörsvið utan brautar á öðrum brautum*
Undanfari: ENS50 eða ENS573
Í áfanganum verður saga og menning blökkumanna í Bandaríkjunum skoðuð. Lesin verða bókmenntaverk, skáldsögur, ævisögur og æviágrip, leikrit, smásögur, greinar, ljóð og dægurtextar eftir bandaríska blökkumenn. Unnið verður með heimildamyndir og/eða kvikmyndir um ævi og störf þekktra blökkumanna. Einnig verður horft á kvikmyndaaðlaganir að bókmenntaverkum blökkumanna. Auk þess verður rýnt í tónlist blökkumanna til að mynda *blues, jazz, soul, pop, raggie og rap*. Nemendur velja sér einn bandarískan blökkumann eða konu, sem hefur sett mark sitt á réttindabaráttu þeirra og flytja fyrirlestur um viðkomandi. Einnig velja nemendur sér einn afrísk-amerískan tónlistarmann og flytja fyrirlestur um ævi og tónlist viðkomandi, ásamt því að gefa hlutstendum kost á tóndæmum.
Kennslugögn: Bækur: *Black Boy* eftir Richard Wright (Vintage), *I Know Why the Caged Bird Sings* eftir Maya Angelou. *Their Eyes Were Watching God* eftir Zora Neale. Kjörbækur, nemendur velja bók af lista yfir kjörbækur. ***Kvikmyndir:*** *Amistad, The Colour Purple, Mississippi Burning, Their Eyes Were Watching God, The Human Stain* o.fl .***Heimildamyndir***; *The Man and the Dream*; A Biography; Martin Luther King, Jr., *Voices of Civil Rights*; The History Channel*, Africans in America*, *Underground Railroad*, *4 Little Gi*rls ofl.
Námsmat: Ekkert lokapróf er í þessum valáfanga. Lokaeinkunn í áfanganum samanstendur af mætingareinkunn og einkunnum í könnunum, hópverkefnum, kynningum o.þ.h.

HAN203 – Prjón og bróderí (útsaumur)
Undanfari: HAN103
Í áfanganum verður haldið áfram að auka við kunnáttu nemenda í prjónaskap m.a. með fjölþættu munsturprjóni bæði í fínt og gróft garn. Þetta er mikið notað í sjöl, barnateppi, peysur og fjölda smáhluti, s.s. blóm og dýr. Í bróderi er aukin þjálfun í frjálsum útsaum, flatsaum fyrir upphækkaða stafi, myndir af dýrum, blómum o.s.frv. Auk þess getur harðangur og klaustur komið inn í þetta líka. Aukin

ÍSL352 – Yndislestur
Undanfari: ÍSL203
Markmið áfangans er að gefa nemendum kost á kynna sér það nýjasta í heimi bókmennta, hvort sem það eru íslensk eða erlend skáldverk. Nemendur skoða hvernig samfélagið speglast í þessum verkum og hvort greina megi sameiginlega strauma innan þeirra. Þeir velja af lista sex til átta skáldverk sem þeir lesa yfir önnina. Nemendur gera síðan grein fyrir verkunum sem þeir lásu í einkaviðtölum við kennara eða í kynningu fyrir nemendahópinn. Í áfanganum er lögð mikil áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda og að þeir vinni eftir ákveðinni áætlun sem þeir bera sjálfir ábyrgð á. Áfanginn byrjar á stuttri upprifjun á helstu bókmenntahugtökum, síðan verða

lestrartímar en þegar líður á áfangann mæta nemendur ýmist í einkaviðtöl eða hóptíma þar sem þeir eiga að kynna þær bækur sem þeir lásu. Í lok áfangans verða umræður þar sem nemendur skoða, greina og bera saman þau verk sem þeir lásu í því skyni að sjá hvað er líkt með þessum verkum og hvað ólíkt. Áfanginn er símatsáfangi og ætlaður fyrir nemendur á þriðja ári.

ÍSL623 – Maðurinn og málið – áfangalýsing
Undanfari: ÍSL303
Fjallað verður um ýmislegt sem tengist félagslegum þáttum tungumálsins. Skoðað verður á hvaða hátt dýr geta tjáð sig og það hvernig hæfileikar mannsins til að nema mál skilur hann frá dýrum. Fjallað verður um helstu þætti í máltöku barna og þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru í tengslum við hana. Einnig verður sjónum beint að máli mismunandi hópa, t.a.m. máli kynjanna, mismunandi aldurshópa og stétta. Fjallað verður um ýmis tal- og málmein (t.d. stam og raddgalla) og táknmál. Auk þess er vöngum velt yfir því á hvaða hátt menn geta tjáð sig með líkama og svipbrigðum og hvaða leiðir eru notaðar til þess í netheimum.

KYN 303 – Kynjafræði
Undanfari FÉL103
Staða, staðalmyndir og stefna karla og kvenna í samfélaginu skoðuð út frá kenningum úr félagsvísindum. Skoðað er hvað er að gerast í samfélaginu hverju sinni og á sem fjölbreyttastan máta. Meðal efnisþátta eru: klám, mansal, kynhlutverk, sjónvarpsþættir, kvikmyndir, staðalmyndir og ofbeldi.

LAN163: Umhverfi og útivist. Undanfari enginn.
Gönguferðir um 7 svæði.
Vinnan í áfanganum felst í því að gengið verður um 7 svæði eða fjöll á haustdögum, meðan veður er enn gott og hægt að fara um án erfiðleika. Framlag nemandans verður í raun þríþætt. Í fyrsta lagi þarf hann að taka þátt í útivistinni og ganga þær leiðir sem valdar verða. Í öðru lagi þarf hann að hafa vakandi athygli fyrir umhverfi sínu og skrá hjá sér jafnóðum eða fljótlega það sem fyrir augu ber. Þetta er ekki síst gert með myndavél. Í þriðja lagi er gerð stutt skýrsla eða greinargerð um ferðina og staðinn sem skoðaður er. Í sumum tilfellum krefst það einhverrar vinnu við að afla heimilda um staðinn þannig að hægt sé að útskýra umhverfið eða rekja sögur sem tengjast svæðinu. Í öðrum tilfellum er þetta einföld greinargerð um það sem bar fyrir augu. Einn tími verður í stundatöflu. Í áfanganum fléttast því saman hreyfing, vettvangsvinna og heimildarvinna.
Reiknað er með því að útivinnunni verði lokið í október. Eftir það tekur við frágangur á skýrslum og því fyrr sem nemandinn lýkur þeim, þeim mun fyrr hefur hann lokið áfanganum. Reikna má með því að flestar ferðirnar taki 2-4 klst. en ein til tvær taki lengri tíma. Staðirnir eru flestir í nágrenni Reykjavíkur þannig að nemendur sjá að jafnaði um að koma sér sjálfir á staðinn. Ef farin verður lengri ferð í rútu þurfa nemendur ef til vill að taka þátt í kostnaði við ferðina.
Ekki er búið að ákveða hvaða staðir verða skoðaðir en miklar líkur eru á að einhver af eftirfarandi svæðum verði fyrir valinu: Esja, Móskarðshnjúkar, Keilir, Helgafell, Bláhnjúkur, Vífilfell, Bitrusvæðið, Ölkelduháls og Grændalur/Reykjadalur, Sveifluháls og Seltún, Búrfell og Búrfellsgjá, Húshólmi og Óbrennishólmi, Fimmvörðuháls.

LAT113 – Allar leiðir liggja til Rómar
Í áfanganum verður latína kynnt á áhugaverðan hátt þar sem farið verður í uppbyggingu tungumálsins og latneskir textar lesnir og þýddir. Nokkrar frægar tilvitnanir verða kenndar, t.d. „praeterea censeo Carthaginem esse delendam," (þýðist: Auk þess legg ég til að Karþagó verði lögð í eyði) en með þeim orðum lauk Cató gamli öllum sínum ræðum í Öldungaráðinu og skipti þá engu um hvað ræðan fjallaði. Sýnt verður hvernig latínan tengist ensku og hinum rómversku málum en um helmingur af enska orðaforðanum á rætur að rekja til latínunnar. Kynnt verða latnesk hugtök sem tengjast t.d. fræðigreinum eins og læknisfræði og lögfræði sem enn í dag eru í fullu gildi innan þessara fræðigreina. Fjallað verður um mikilvæga kafla úr sögu Rómaveldis og áhrif þess. Helstu persónum, svo sem Cæsar, Cicero, Kleopötru, Caligulu og Neró verða gerð skil á lifandi hátt. Áfanginn er 3 einingar og munu tveir til þrír kennarar koma að kennslunni sem byggist meðal annars á fyrirlestrum og sjálfstæðri vinnu nemenda þar sem þeir nýta sér ýmsar heimildir í náminu svo sem bækur, veraldarvefinn og kvikmyndir.

SAG343 – Kaupmannahöfn: sagan og bókmenntirnar
Undanfarar: SAG203 og ÍSL403
Áfanginn er samstarfsverkefni sögu- og íslenskudeildar, sem skipta með sér kennslustundum vikunnar, tveir tímar í sögu og tveir í íslensku. Hann er ætlaður nemendum á 4. ári.
Í áfanganum verður saga Kaupmannahafnar sem höfuðborgar Íslendinga skoðuð í gegnum bókmenntir og sagnfræði. Öldum saman sóttu íslenskir námsmenn helst menntun sína til Kaupmannahafnar. Þar kynntust þeir nýjum straumum og stefnum í listum, menningu og stjórnmálum. Margir tóku virkan þátt í sjálfstæðisbaráttu Íslands og sumir fóru þangað til þess að láta skáldadrauma sína rætast. Í áfanganum verður farið í fótspor valinkunnra skálda og fræðimanna þar sem verk þeirra og lífskjör eru könnuð. Áfanganum lýkur með vettvangsferð á söguslóðir í Kaupmannahöfn.
Fyrirvari: Ef ekki fæst styrkur fyrir áfanganum kemst hann ekki á dagskrá

SAG353 – Skotland.
Undanfarar: ENS403, SAG203 og FÉL103
Vinna í áfanganum skiptist í eftirfarandi þrjá þætti: Undirbúningstímabil, heimsókn til Skotlands og úrvinnsla. Áfanginn er samstarfsverkefni ensku-, sögu- og félagsfræðideildar.
Áfanginn miðar að heimsókn til Skotlands. Í undirbúningi heimsóknarinnar verður unnið með bókmenntir og kvikmyndir sem endurspegla sjálfsmynd og sögu skosku þjóðarinnar. Einblínt er á að skoða Skota sem minnihlutahóp, þjóðareinkenni og sjálfsmynd þjóðarinnar.
Fyrirvari: Ef ekki fæst styrkur fyrir áfanganum kemst hann ekki á dagskrá

SÁL 383 – Dulsálfræði
Undanfari: SÁL103
Kynning á dulsálfræði, viðfangsefnum hennar og rannsóknaraðferðum. Fjallað er um dulræn fyrirbæri og skynjun fólks sem ekki er erfitt að skýra með vísindalegum aðferðum. Meðal þess sem fjallað verður um er hugsanaflutningur, dulskyggni, forspárhæfileikar og hugarorka sem beitt er t.d. til að beygja hluti eða færa þá úr stað. Einnig er litið á rannsóknir sem geta varpað ljósi á spurninguna um líf eftir dauðan. Meðal þess sem skoðað verður á gagnrýninn hátt eru

miðlar, sýnir á dánarbeði og endurholdgunarsögur. Auk þess verður dáleiðsla og fyrirbæri henni tengd rædd og krufin.
Nemendur kynna sér eitthvert efni að eigin vali og skila því sem ritgerð eða fyrirlestri. Auk þess gera nemendur litlar tilraunir og spreyta sig á því að leita svara með vísindalegum aðferðum. Ýmsar leiðir til blekkinga og sjónhverfinga eru skoðaðar og áhersla er lögð á að nemandi myndi sér sjálfstæða, upplýsta skoðun á þessum efnum.
Kennsluefni*:* Notast verður við ljósritað efni, veraldarvefinn og myndefni sem sýnt verður í tímum.
Námsmat: Þetta er símatsáfangi þar sem nemendur vinna verkefni bæði sjálfstætt og með öðrum. Hverjum efnisþætti líkur með verkefni sem metið er til einkunnar.

UPP213 Menningarlæsi barna– Sköpunar- og kímnigáfa – *Val á öllum brautum.*
Undanfari: FÉL103
Í áfanganum er fjallað um sköpunar- og kímnigáfu barna. Rýnt verður í menningarlæsi og sköpun barna í hugsun og verki t.d. í tengslum við myndlist, tónlist, leikræna tjáningu, leiki, bækur og skólastarf. Komið er inn á hugmyndafræði og þroska í tengslum við ofangreinda þætti. Sérstök áhersla er lögð á kímni eða húmor barna. Börnum þykir gaman að orðaleikjum og slíku en þau hlæja líka t.d. þegar fólk dettur. Við viljum komast að því hvort og þá hvers konar húmor fer yfir landamæri og hvað er einkennandi fyrir hvert land eða menningu. Spurningin er hvort kímnigáfa barna sé nokkuð lík hvar í heiminum sem þau búa. Líklega spilar reynsla og þroski inn í og börn skilji ekki alltaf kaldhæðni. Ákveðin tegund húmors er alltaf vinsæl á ákveðnum aldursskeiðum, eins og t.d. kúk- og pissbrandarar um 2-3 ára aldur og brandarar sem snúast um kynlíf á unglingsárunum. Farið verður í skilgreiningu á fyndni í ólíkum menningarheimum og á ólíkum tungumálum. Einnig verður rýnt í brandara á mismunandi tungumálum.
Námsmat:

Viðtals- og greiningarverkefni: Viðtöl við börn – nemendur segja börnum brandara, sýna myndefni eða þvíumlíkt og kanna hvort börnum á tilteknum aldri þyki þetta eða hitt fyndið (flissa þau, skella upp úr, horfa með undrunarsvip o.s.frv.). Heima- og tímaverkefni.	40%
Verkefni tengt vettvangsheimsókn í leikhús barna. Heima- og tímaverkefni.	20%
Samanburðarverkefni á kímni í ólíkum menningarheimum og á ólíkum tungumálum.Heima- og tímaverkefni.	10%
Þrjár lestrarkannanir- tvær hæstu einkunnir gilda	10%
Heima- og tímaverkefni í tengslum við birtingarform sköpunar- og kímnigáfu sem höfðar til barna í myndlist, tónlist, leikrænni tjáningu, leikjum, bókum og skólastarfi.	10%
Virkni og ástundun	10%

Kennslugögn:
- Greinasafn tekið saman af kennara. Ýmsar greinar bæði á íslensku og ensku.
- Önnur gögn frá kennara t.d. glósur, ljósrit, dvd og efni á veraldarvefnum.

ÞJÓ 103: Almenn þjóðhagfræði
Áfanginn er hugsaður sem inngangur að þjóðhagfræði. Hann gefur nemendum færi á að kynnast grundvallaratriðum hagfræðinnar sem fræðigreinar, meginviðfangsefnum hennar og grundvallar- spurningum. Helstu hugtök sem kynnt verða:
- Skortur, val og fórnarkostnaður
- Framleiðsla, framleiðsluþættir, framboð og eftirspurn, efnahagshringrás

- Markaðsjafnvægi, teygni, markaðshagkerfi, blandað hagkerfi, miðstýrt áætlanahagkerfi,
- Vinnumarkaður, hið opinbera, þjóðhagsreikningar, þjóðartekjur, þjóðhagslegur sparnaður
- Peningar, fjármunamyndun, einkaneysla, samneysla
- Peningamarkaður, vextir, utanríkisviðskipti, gengi, hagvöxtur, verðbólga, atvinnuleysi.

Reynt verður að tengja umfjöllunarefni áfangans við umfjöllunarefni fjölmiðla um efnahagsmál hverju sinni en stuðst er við kennslubókina Þjóðhagfræði eftir Þórunni Klemenzdóttur

Ummæli nemanda sem tekið hefur þennan áfanga:

Vildi bara láta þig vita að þjóðhagfræðiáfanginn sem ég tók í fyrra hjá þér hefur nýst mér mjög vel. Ég var í hagfræðiáfanga í fyrra þar sem var mjög gott að kunna grunninn, við vorum við bókina Economics með Mankiw og Taylor:) Mér gekk mjög vel í þeim áfanga (var í topp 10%) og nú í opinberri stefnumótun finn ég aftur að þekkingin er að nýtast mér.
Bara svona að láta þig vita að þetta var góður áfangi og ef fólk ætlar sér í stjórnmálafræði, hagfræði eða viðskiptafræði í Háskólanum væri mjöög sniðugt fyrir það að velja áfangann þinn :)

ÞÝS403 – Kjarni á öllum brautum (3. mál). Valáfangi á vorönn 2011 fyrir 4. T, 4. mál
Undanfari: ÞÝS 303
Námslýsing: Byggt er markvisst á þeirri kunnáttu sem nemendur hafa nú þegar tileinkað sér. Áfram er unnið með alla færniþættina með aukinni áherslu á munnlega tjáningu. Textar verða lengri og unnið er með ákveðin þemu og mismunandi textaform, s.s. rauntexta, bókmenntaefni, hljóð- og myndefni. Nemendur vinna að hluta til sjálfstætt, m.a. verkefni að eigin vali. Orðaforði eykst og farið er í nokkur ný málfræðiatriði. Enn er unnið að því að bæta þekkingu nemenda á þýskumælandi löndum og þjóðum. Kröfur eru gerðar um sjálfstæð vinnubrögð, t.d. við lestur, notkun orðabóka og netsins.
Námsmat Símatseinkunn (ýmis verkefni, munnlegt próf og hlustunarpróf): 50%
Lokapróf: 50%

ÞÝS473 – Berlín – Valáfangi á vorönn 2011 fyrir 3. og 4. bekk. Kjörsvið á málabraut / hugvísindabraut – kjörsvið utan brautar á öðrum brautum
Undanfari: ÞÝS 303
Valáfangi á vorönn 2011 fyrir 3. og 4. bekk. Kjörsvið á málabraut/hugvísindabraut – kjörsvið utan brautar á öðrum brautum
Markmið: Að nemendur
- kynnist Berlín, menningu hennar og helstu merkisstöðum
- þjálfist í heimildaöflun og úrvinnslu heimilda og texta um Berlín á þýsku (og e.t.v. fleiri tungumálum)
- fái aukna þjálfun í daglegum samskiptum á þýsku
- geti samið og flutt verkefni og kynningar á þýsku (og e.t.v. íslensku) um efni sem tengist áfanganum og ferðinni

Námslýsing: Í þessum áfanga undirbúa og skipuleggja nemendur 3-4 daga Berlínarferð sem farin verður á vorönn 2011. Nemendur vinna verkefni um merkisstaði, hverfi o.fl. í borginni bæði fyrir og eftir ferðina. Einnig verða lesnir textar sem tengjast Berlín á einhvern hátt. Hluti af vinnunni fyrir ferðina felst í upprifjun á daglegum samskiptum á þýsku en annars munu

nemendur ýmist vinna á þýsku eða íslensku í áfanganum. Gerðar eru strangar kröfur um mætingu og verkefnaskil. Í ferðinni verða heimsótt söfn og ýmsir af frægustu stöðum borgarinnar undir leiðsögn kennara- og/eða leiðsögumanns. Hámarksfjöldi nemenda í áfangann er 22. Reynist aðsókn í áfangann umfram þann fjölda er m.a. tekið tillit til mætingar og ástundunar nemenda í þýskunáminu í fyrri áföngum. Nemendur áfangans greiða allan kostnað við ferðina (gert er ráð fyrir að kostnaður gæti orðið 80-90 þúsund).
Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi og byggir matið m.a. á skriflegum og munnlegum verkefnum og prófi, mætingu og ástundun, virkni í kennslustundum og virkni og hegðun í Berlínarferðinni.

ÞÝS503 – Kjarni á málabraut; kjörsvið utan brautar á öðrum brautum
Undanfari: ÞÝS403
Markmið:

- að auka og styrkja dýpri kunnáttu nemenda í tungumálinu bæði talmál og ritmál
- að geta skilið daglegt mál bæði þegar talað er eðlilega og t.d. í sjónvarpi eða kvikmyndum
- að efla tjáningargetu með blæbrigðameiri framsetningu og auknum orðaforða
- að þjálfa hlustun og úrvinnslu hlustunarefnis

Námslýsing: Unnið er með mismunandi efnisform s.s. kvikmyndir, hlustunarefni, myndir og myndasögur, einn lengri texta og smásögur. Hópurinn mun undirbúa morgunverð og borða saman, reynt er að líkja eftir þýskum venjum og hefðum. Gestafyrirlesari kemur í heimsókn og farið verður í vettvangsferð í tíma. Nemendur velja eina kjörkvikmynd og fjalla um hana.
Námsmat: Símatseinkunn (virkni í tímum, ýmis verkefni, munnlegt próf og hlustunarverkefni): 65%. Lokapróf : 35%. Nemendur skila reglulega verkefnum, bæði heimaverkefnum og tímaverkefnum.